Loftslags- og umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

11. fundur loftslags- og umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 22. október 2026 kl. 13.^{00} e.h.

Fundinn sátu:

Anna Katrín Þórarinsdóttir, formaður

Sibéal Turraoin

Hans Guðmundur Magnússon

Steinar Sigurjónsson starfsmaður nefndarinnar (deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis)

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson

1. Erindisbréf og hlutverk nefndarinnar

Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar og rætt um hlutverk hennar.

2. Fjárhagsáætlun 2027

Fyrir liggur ósk frá framkvæmda- og veitunefnd um tillögur að fjárfestingum vegna vinnu við fjárhagsáætlun. Nefndin ræddi um mögulegar framkvæmdir og fjárfestingar á sviði umhverfismála og leggur til tvær tillögur sem eru nánar útskýrðar í fylgiskjali, annars vegar gerð yfirlitskorts og hins vegar hönnun og gerð göngustíga o.fl. við Kerhól.

3. Loftlagsstefna

Farið var yfir Loftlagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps 2024-2030. Sveitarstjórn ber ábyrgð á stefnunni en loftslags- og umhverfisnefnd sér um endurskoðun hennar fyrir hönd sveitarstjórnar.

Nefndin telur ástæðu til að yfirfara stefnuna og uppfæra hana. Nefndarmenn sammælast um að rýna stefnuna og koma með tillögur að uppfærslum á næsta fund nefndarinnar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 14:00